

Mál nr. 116/2008

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Slys þegar fiskkarasamstæða féll niður, þann 13.08. 2005, en þá kastaði M sér til hliðar til að verða ekki undir samstæðunni.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 16.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.07. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að þrifa vörubifreið og vantaði kar til að standa á. Því fór hann að ná í kar í stæðu. Ekki vildi betur til en svo að stæðan fór af stað en hann náði að henda sér frá svo stæðan lenti ekki á honum. Við fallið slasaðist M á hendi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð sbr. röksemdafærslu félagsins í gögnum málsins.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að rekja megí slysið til gáleysislegra vinnubragða starfsmanna vátryggingartaka. Þeir hafi raðað fiskkörum saman í stæðu og efsta karinu hafi verið raðað þannig að rigningarvatn safnaðist í það og þyngdi. Við eðlilega röðun sé efsta karinu af þremur raðað á hvolf en þessa hafi ekki verið gætt.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda vátryggingfélagsins ekki fyrir hendi. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megí slysið til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða ófullnægjandi aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Tjónsatburð máls þessa virðist mega rekja til aðgæsluleysis M er hann hugðist sækja sér fiskkar til að standa á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.